



22.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í ráðhúsi Árborgar, 10.september 2020, kl.08:00.

Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Kristín Magnúsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir. Gestur fundarins undir fyrsta lið dagskrár var Smári B. Kolbeinsson fulltrúi í stjórn Alviðru.

1. Alviðrumál og Laxabakki. Undir þessum lið fór Smári yfir málefni Alviðru og Laxabakka. Landvernd hefur verið með starfsemi í Alviðru í sumar. Búið að lagfæra veiðihúsið og setja varmadælu í húsið í Alviðru. Einni lagfæra skilti yfir gönguleiðir í Alviðru og Öndverðarnesi. Málefni Laxabakka eru enn í hnút vegna lóðarmála og deilna um þinglýsingu lóðar ofl. Einnig var rætt um að reyna áfram að fá skiptingu jarðanna, Alviðru og Öndverðarness á milli eigna þeirra.
2. Húsnæðismál Héraðsskjalsafns Árneseinga. Farið yfir stöðu mál varðandi innkomu annarra sýslna og bæja í safnið. Kjartan upplýsti að beðið væri endanlegra svara vegna þessa. Einnig rætt um að klára þyrfti skoðun á því hvort húsnæðið sem yrði byggt gæti verið minna að gólfleti, frá fyrri þarfagreiningu. Málið verður unnið áfram.
3. Búðarstígur Eyrarbakka. Árni og Eyþór fóru yfir stöðu mála við breytingar á húsnæðinu fyrir Byggðasafnið. Allt er samkvæmt áætlun og verkinu miðar vel.
4. Sýslumannstúnið á Selfossi. Beiðni um staðfestingu á því að lóðinni hefði verið afsalað á sínum tíma til Sveitarfélagsins Árborgar samkv.fundargerð skiptanefndar gömlu sýslunefndar. Ákveðið að fá gamlar fundargerðir vegna þessa og athuga hvaða eignum var þá afsalað og hvort fleiri álíka mál séu ókláruð.
5. Hverahlíð 15, Hveragerði. Samskonar mál og í lið 4. Eyþóri falið að skrifa undir tilskylda pappíra.

6. Erindi frá Samgöngu og sveitarstjórnaráðuneytinu vegna samstarfssamninga. Sveitarfélögum hefur verið að berast athugasemdir vegna samstarfssamninga á milli þeirra og að samningar þar um séu ekki samkv. þeim reglum og lögum sem unnið er eftir. Ábendingar um að laga þurfi orðalag og skýringar í þessum samningum. Ákveðið að fela KPMG að fara yfir alla þá samninga sem tilheyra sveitarfélögunum sem standa að Héraðsnefnd og stofnunum hennar með tilliti til lagfæringa.
7. Haustfundur Héraðsnefndar. Ákveðið að haustfundurinn fari fram 20.október nk. í Grímsnes-og Grafningshreppi. Eypóri falið að ganga frá staðsetningu.

Fundi slitið kl. 09.40.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.